




Endurskinskarl

Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarANS Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



Aðferð:


Handsaumur

Áhöld:

- ✓ Saumnál með oddi
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Málband

Efni:

- ✓ Endurskinsborði með efni á jaðrinum
- ✓ Bómullargarn
- ✓ Tvinni



Vinnulýsing fyrir nemendur

1 Veljið ykkur 2 – 3 liti af bómullargarni í snúru.

2 Snúið böndin saman til að mynda snúru.



Muna að snúa böndum alltaf í sömu átt



3 Setjið hnúta á snúruna til að aðskilja hendur, fætur og bandið í næluna.

4 Klippið á milli hnútanna.


5 Veljið ykkur lit á endurskinsborða.

6 Leggið fætur og hendur innan í borðann, brjótið hann saman og festið með tituprjónum.


Festa hendur og fætur vel, fyrst með tituprjónum, svo með saumsporur



7 Saumið hliðarnar á karlinum með aftursting, vel í hendur og fætur.



8 Þræðið band með nælu í gatið efst á karlinum.



Vinnulýsing fyrir kennara

Verkefni sem hentar vel fyrir 1.-2. bekk.

- ✓ Klippið niður u.þ.b. 20 cm langa endurskinsborða.
- ✓ Látið nemendur snúa 2 til 3 liti af bómullargarni í hendur og fætur (garnið haft það langt að það nægi í hendur, fætur og bandið efst).
- ✓ Aðstoðið þau við að setja hnúta á endana áður en klippt er.
- ✓ Brjótið næst borðann saman og staðsetjið hendur og fætur og festið með títuprjónum. Skiljið eftir pláss efst fyrir gat (gert með gatara) til að festa band í og nælu.
- ✓ Hafið tvinnann tvöfaldan og látið nemendur sauma hliðarnar vel saman með aftursting og sauma fram og til baka þar sem hendur og fætur eru festir.

Þetta verkefni hefur vakið mikla lukku og jafnvel eldri nemendur hafa beðið um að fá að gera það aukalega.

